



# VEIÐIMÁLASTJÓRI

Directorate of Freshwater Fisheries

Vagnhöfði 7  
110 Reykjavík, Iceland  
Sími: 567 6400 • Bréfsími: 567 8850  
Netfang: veiðimalastjorn@veiðimalastjori.is

Pórey I. Guðmundsdóttir  
Hollustuvernd ríkisins  
Ármúla 1a,  
P.O.Box 8080  
IS-128 Reykjavík

21. nóvember 2000  
*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 126/1673*  
*komudagur 29.3.2001*

## Varðar starfsleyfi fyrir eldisstöðvar á Austfjörðum

Með bréfum dagsettum 4. og 11. október eru kynnt drög að starfsleyfum fyrir sjókvíaeldisstöðvar AGVA ehf. í Mjóafirði og Salar Islandica ehf. í Berufirði. Tekið er fram að skriflegar athugasemdir skuli berast til Hollustuverndar fyrir 7. desember næstkomandi.

Sem kunnugt er veitir embætti veiðimalastjóra rekstrarleyfi fyrir umræddan rekstur með skilyrðum, sem tryggja eiga að eldisstarfsemin hafi ekki neikvæð áhrif á vistkerfi veiðianna. Þessi skilyrði snerta bæði vöktunarrannsóknir og verkleg umhverfismöt, sem kostuð eru af eldisaðila, svo og takmarkanir á framleiðslumagni.


Það er stefna embættisins að uppbygging fiskeldisins verði hæg meðan unnin eru verkleg umhverfismöt, sem tengjast viðkomandi svæði líkt og nú er unnið að í Stakksvík á Reykjanesi. Jafnframt verði tímallengd leyfisins takmörkuð við tiltölulega fá ár í byrjun, sem þó dugi til að fá heildstæða mynd af rekstrinum og hugsanlegum áhrifum sem frá honum stafa á náttúrulega stofna laxfiska.

Í ljósi ofanritaðs gerir undirritaður athugasemd við lengd starfsleyfanna sem eðlilegra væri að miða við 5 ár a.m.k. í byrjun og jafnframt þyrfti að vera eðlileg takmörkun á því magni sem framleitt er árlega fyrstu 5 árin. Þar væri eðlilegt að miða við 2000 eða í hæsta lagi 3000 lestir á fimmta ári á hvorum stað, enda ljóst að ekki eru seiði fyrir hendi til að framleiða mikið magn fyrstu árin.

Líta ber á þessi fyrstu 5 ár sem tilraunatímabil, sem leiði í ljós, hvort sambylí laxeldis í kvíum við villta laxastofna sé raunhæft út frá vistfræðilegum og erfðafræðilegum þáttum. Á þessu tímabili yrði einnig unnið að þróun laga, reglugerða og verklagsreglna hjá opinberum aðilum, sem hentuðu til að stýra þróun fiskeldisins á farsælan hátt. Á sama hátt gæti endurnýjun á leyfi verið hafnað, ef verulegar brotalamir hafa komið fram í rekstrinum, sem valdið gætu neikvæðum áhrifum á nærliggjanda vatnasvæði. Þessi stefna virðist vera í samræmi við málflutning samtaka fiskeldisaðila og einstakra fiskeldisfyrirtækja.

Undirritaður telur einnig að takmarka eigi rúmmál kvíanna við þá stærð, sem dugar til að framleiða leyfilegt magn, þ.e. 25-30 kg. á rúmmetra eða takmarka þann fjölda fiska sem heimilt er að setja í kvíarnar árlega. Einnig gætu í framtíðinni komið til takmarkanir með fôðurkvóta líkt og gert hefur verið í Noregi um árabil.

Virðingarfyllst

  
Árni Ísaksson, veiðimalastjóri



# Hollustuvernd ríkisins

ENVIRONMENTAL AND FOOD AGENCY  
OF ICELAND

Veiðimálastjóri  
Vagnhöfði 7  
110 Reykjavík

GSJ/0001004

Reykjavík 4. janúar 2001

## Ákvörðun um útgáfu starfsleyfis fyrir fiskeldisstöð Sæsilfurs hf (áður AGVA ehf.) í Mjóafirði

Drög að starfsleyfi fyrir fiskeldisstöð AGVA ehf., Mjóafirði lágú frammi til kynningar á tímabilinu 12. október til 7. desember sl. Sex athugasemdir bárust. Fyrirtækið hefur skipt um nafn á tímabilinu, en kennitala er óbreytt.

Hollustuvernd ríkisins hefur veitt fiskeldisstöð Sæsilfurs hf starfsleyfi til að reka fiskeldisstöð í Mjóafirði. Ákvörðun Hollustuverndar ríkisins má kæra til fullnaðarúrskurðar ráðherra innan tveggja vikna, samanber ákvæði 32. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Meðfylgjandi með bréfi þessu er afrit af starfsleyfi fyrir framangreinda starfsemi og greinagerð vegna athugasemda yðar.

Virðingarfyllst,

Gunnar Steinn Jónsson

Office address:

Ármúla 1a  
108 Reykjavík

Postal address:

P.O. Box: 8080  
IS-128 Reykjavík

Telephone:

+ 354-585 1000

Telefax:

+ 354-585 1010

Internet:

[www.hollver.is](http://www.hollver.is)

Kennitala:

490882-0149

## **Greinagerð Hollustuverndar ríkisins varðandi athugasemdir Veidimálastjóra um starfsleyfistillögur fyrir Sæsifur hf (AGVA ehf).**

### **Athugasemdir veiðimálastjóra**

Veidimálastjóri gerir athugasemdir varðandi lengd starfsleyfisins og telur eðfilegra að miða við 5 ár. Einnig gerir hann athugasemdir við framleiðslumagn í starfsleyfinu og telur hann að eðlilegt sé að miða við 2000 eða í hæsta lagi 3000 lestir á fimmta ári á hvorum stað.

Áhyggjur Veidimálastjóra snúa að hugsanlegum neikvæðum áhrifum á vistkerfi veiðiáa. Hann telur að líta eigi á starfsleyfistímann sem tilraunatímabil, sem leiði í ljós hvort sambyli laxeldis við villta stofna sé raunhæft út frá vistfræðilegum og erfðafræðilegum þáttum. Á þessu tímabili yrði einnig unnið að þróun laga, reglugerða og verklagsreglna hjá opinberum aðilum, sem hentuðu til þess að stýra þróun fiskeldis á farsælan hátt. Á sama hátt gæti endurnýjun á leyfi verið hafnað, ef verulegar brotalamir hafa komið fram í rekstrinum, sem valdið gætu neikvæðum áhrifum á nærliggjandi vatnasvæði.

### **Upplýsingar frá umsækjanda vegna athugasemda veiðimálastjóra**

Umsækjandi hefur í bréfi til stofnunarinnar dags. 20.12.00 gert stofnuninni grein fyrir að auknar öryggis- og umhverfiskröfur kalli á dýrari búnað samfara aukinni framleiðslu. Stálbúnaður í fiskeldi hafi verið í mikilli þróun síðustu ár og um þessar mundir leysi slíkur búnaður plastringi af hólmi í stórum stíl í norsku fiskeldi. Fyrirtækið geri ráð fyrir slíkum Catamara kvíum. Helstu ástæður séu að öll umgengni við laxinn, vinnuástaða og eftirlit er mun einfaldara um borð í slíkum stálpöllum samanborið við plastringina. Mikilvægt atriði sé einnig mun betri fóðurnýting.

Umsækjandi leggur áherslu á að öryggisþættinum sé best borgið með fjárfestingu í öflugum Catamara búnaði og það gefi augaleið að umtalsverða framleiðslu þurfi til þess að standa undir slíkri fjárfestingu. Í áætlunum umsækjanda sé gert ráð fyrir allt að 4000 tonna framleiðslu á hvorri staðsetningu ef umhverfisþættir leyfa.

Í bréfinu kemur fram og umsækjandi hefur einnig sagt að til að fyrirtækinu gefist tækifæri til að hrinda áformum í framkvæmd um að fjárfesta í umræddum stálbúnaði, sem tryggji hámarksöryggi og mengunarvarnir, sé það háð því að framleiðsla standi undir fjárfestingu.

### **Svar Hollustuverndar ríkisins**

Við mat á umfangi lítur stofnunin svo á að þó að um eitt starfsleyfi sé að ræða, sé það fyrir tvær eða þrjár kvíaþyrpingar. Ekki hefur verið farið inn á þær brautir að krefjast sérstaks starfsleyfis fyrir hverja kvíaþyrpingu fyrir sig. Starfsleyfið gildir því fyrir allt að 8.000 tonna framleiðslu, á tveimur til þremur kvíaþyrpingum í Mjóafirði, þar sem krafist er að staðsetningarnar uppfylli fjarlægðarmörk sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 105/2000 um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og blöndun laxfiska.

Hollustuvernd ríkisins kemur til móts við athugasemdir Veidimálastjóra varðandi stærðarmörk með því að bæta inn í gr. 1.1 eftirfarandi ákvæði: "*Standandi lífmassi í hverri kvíaþyrpingu skal þó aldrei fara yfir 3000 tonn*". Ákvæðið setur skilyrði varðandi uppsöfnun lífmassa, en ekki framleiðslu.

Hollustuvernd ríkisins telur sér ekki unnt að ganga lengra til móts við athugasemdir veiðimálastjóra, m.a. þar sem ekki kemur fram fullnægjandi rökstuðningur, sem taki mið af staðsetningu, sem er forsenda takmarkana á framleiðslu.

Gildistími starfsleyfisins er liðlega 6,5 ár. Ákvæði eru í starfsleyfinu um endurskoðun (gr. 1.3). Einnig er tilvísun í gildandi valdsvið og þvingunarúrræði samkvæmt lögum (gr. 1.7). Hollustuvernd ríkisins telur því ekki fullnægjandi rök fyrir því að takmarka gildistíma starfsleyfisins.

Stofnunin leggur áherslu á að setja skilyrði sem veita rekstraaðila svigrúm til að tryggja hámarks öryggi, mengunarvarnir og eftirlit með starfsemi. Hins vegar eru einnig í starfsleyfinu ákvæði sem tryggja að mengunarvarnasjónarmiða sé gætt og að komið verði í veg fyrir óæskileg og skaðleg áhrif.

## **Yfirlit yfir nokkur atriði sem sett hafa verið ítarlegri ákvæði um í starfsleyfi:**

### **Ákvæði sem varða gæði og stærð sjókvíanna**

Hollustuvernd ríkisins hefur bætt eftirfarandi ákvæðum við í kafla um starfshætti og umhverfismarkmið:

*Gr. 4.1 Notaðar verða sjóeldiskvíar og nætur í hæsta gæðaflokki og með hámarksstyrk sem þróaður hefur verið fyrir starfsemi. Gengið skal tryggilega frá botnfestingum.*

Hvað varðar hámarksstærðir einstakra kvía og stöðvarinnar í heild er vísað til greinar 1.1 og greinagerðar með starfsleyfadrögum en að mati stofnunarinnar er þar gerð fullnægjandi grein fyrir þessum stærðum.

### **Ákvæði vegna eftirlits með kvíunum**

Hollustuvernd ríkisins hefur bætt eftirfarandi ákvæðum við í kafla um starfshætti og umhverfismarkmið:

*Gr. 4.2 Fyrirtækið fylgist með ástandi kvíanna til að tryggja að fiskur sleppi ekki út. Yfirfara skal kvíar og nætur með jöfnu millibili af köfurum eða með neðansjávarmyndavélum, að jafnaði eigi sjaldnar en mánaðarlega. Allar upplýsingar skulu skráðar. Áður en nætur eru settar í sjó er styrkur þeirra prófaður. Eftir niðursetningu nóta í sjó er farið yfir allan búnaðinn. Í tengslum við heimsókn stærri báta og aðgerðir tengdar flutningum og meðhöndlun á fiski eru nætur yfirfarnar og ástand þeirra skoðað. Eftir slæm veður er allur búnaður stöðvanna skoðaður. Farið er yfir kvíar og nætur og botnfestingar athugaðar.*

*Bátar fyrirtækisins skulu vera með sérstaka hlíf utan um skrúfunu til að draga úr hættu á að skrúfa skemmi nótt. Allri annarri umferð minni báta skal eins og kostur er halda í hæfilegri fjarlægð til að forðast skemmdir af þeirra völdum.*

### **Ákvæði um viðbragðsáætlunáætlun og tilkynningarskyldu**

Hollustuvernd ríkisins hefur bætt eftirfarandi ákvæðum í starfsleyfið:

*Gr. 3.3 Áður en starfsemi hefst skal fyrirtækið láta vinna og leggja fram viðbragðsáætlun um varnir gegn vá, m.a. vegna hafíss, veðurs og annarra náttúruhamfara og vegna mengunaróhappa.*

*gr. 3.4 Fyrirtækið skal tilkynna eftirlitsaðila þegar í stað um öll óhöpp vegna vá og mengunaróhöpp og til hvaða viðbragða fyrirtækið hafi gripið.*

### **Ákvæði um umhverfismælingar**

Í 15.1. gr. reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit segir: *Hollustuvernd ríkisins sér um vöktun og að rannsóknir tengdar henni séu framkvæmdar. Með vöktun og rannsóknum henni tengdum er átt við að þær séu framkvæmdar á fyrirfram ákveðnum stöðum og er við það miðað að um langtíamælingar sé að ræða, svo og úrvinnslu gagna. Vöktun er að jafnaði ekki tengd tilteknum atvinnurekstri eða starfsleyfi.*

Af framansögðu má ljóst vera hvers vegna ekki er gert ráð fyrir sérstakri vöktunaráætlun í starfsleyfinu.

Við gildistöku reglugerðar nr. 849/2000 um breytingu á reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og reglugerðar 850/2000 um breytingu á reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit orðið breytingar sem kalla á breytingar á kaflanum um eftirlit. Aðal breytingin felst í að starfsemin flyst úr 2. flokki í 1. flokk, sem hefur aukið eftirlit í för með sér, en einnig skal tilgreina tíðni og umfang eftirlitsmælinga í starfsleyfi.

Hollustuvernd ríkisins hefur því endurskoðað 5 kafla starfsleyfisins með hliðsjón af framangreindu með eftirfarandi hætti: Reglubundnar skoðanir verða á 6 mánaða fresti í stað 12 mánaða (gr. 5.3) og fyrirtækið gerir grein fyrir flutningi eldiskvíá og magni og dreifingu úrgangs- og næringarefna þriðja hvert ár, í fyrsta sinn árið 2004. Í stað "óháðir rannsóknaraðilar t. d. Hafrannsóknarstofnun meti hvaða þætti nauðsynlegt sé að mæla" komi þrjár nýjar greinar:

*Gr. 5.5 Áður en rekstur hefst skal fyrirtækið láta taka sýni til könnunar á botni til síðari samanburðar. Sýnataka skal endurtekin á þriggja ára fresti. Niðurstöður skulu liggja fyrir 1. desember 2001 og 1. desember þriðja hvert ár eftir það. Auk þess, og til samanburðar, skal fyrirtækið árlega láta kanna botninn undir kvíunum og á viðmiðunarstað, með myndatökum.*

*Gr. 5.6 Í sama mánuði og rekstur hefst og síðan mánaðarlega yfir sumarmánuðina (apríl til ágúst) og einu sinni yfir veturinn (desember til mars) skal fyrirtækið láta mæla súrefni, heildarmagn svifagna, blaðgrænu og næringarsölt (heildar kolefni, heildar köfnunarefni og heildar fosfór) á völdum stöðvum umhverfis stöðina og á bakgrunnsstöð.*

*Gr. 5.7 Fyrir 15. mars 2001 skal fyrirtækið skila inn til Hollustuverndar ríkisins rannsóknaráætlun um mælingar sbr. gr. 5.4, 5.5 og 5.6. Hollustuvernd ríkisins samþykkir áætlunina og þær aðferðir sem þar er gert ráð fyrir. Endurskoða skal rannsóknaráætlunina árlega.*

#### **Ákvæði um gæðakerfi**

Hollustuvernd ríkisins hefur sett ákvæði um að fyrirtækinu sé gert að taka upp gæðastjórnun í umhverfismálum og eftirfarandi grein er bætt inn:

*Gr. 4.3 Fyrirtækið skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Annað hvort verði þar unnið eftir eða samkvæmt eigin kerfi eða viðurkenndum umhverfismálakerfum t.d. (EMAS)-Reglugerð um frjálsa þátttöku iðnfyrirtækja í umhverfismálakerfi ESB nr. 32/1996 og ÍST EN ISO 14001.*

#### **Ákvæði varðandi eldisáætlun**

Eldisáætlun er hluti af innri rekstri fyrirtækisins sem heyrir undir eftirlit sem er undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra. Hins vegar snerta þessir þættir starfsleyfi gefið út af Hollustuvernd ríkisins að svo miklu leyti sem það er hluti af bestu tækni eða góðum starfsreglum fyrir atvinnugreinina.

Gr. 4.5 Fyrirtækið geri eftirlitsaðila grein fyrir á hvern hátt beitt sé góðum starfsreglum við rekstur stöðvarinnar.

7/1 2001

Helgi Jónsson

Páll J. Jónsson